

HOPPANDI FROSKUR



Ég get hoppað yfir orð sem ég á erfitt með að lesa.

Ef ég hoppa yfir fleiri en fimm orð þá er textinn of erfiður fyrir mig.

ORÐHLUTAR



Ég get skipt orðinu í nokkra hluta þegar ég er að lesa. Það hjálpar mér þegar ég les löng orð. Alveg eins að brjóta súkkulaði í nokkra bita.
SÚ - KKU - LA - ðI

SKOÐA ORÐIÐ



Ég ætla að skoða orðið sem ég les og sjá hvort ég þekki hluta úr orðinu.


Það getur hjálpað mér að lesa orðið.
ÁS
L-ÁS
G-L-ÁS

SPÁKÚLAN




Ég ætla að spá fyrir um hvað gerist næst í sögunni, á meðan ég les.

TENGJA SAMAN




Ef ég les um eitthvað sem ég hef gert, þá get ég tengt söguna við lífið mitt.

VÉLMENNI




Ef ég les orðið eins og vélmenni þá heyri ég öll hljóðin sem eru í orðinu.

SKOÐA MYNDIRNAR



Ég ætla að skoða myndirnar og sjá hvort þær geti hjálpað mér að skilja textann betur.

LANGA SLANGA



Við getum t e y g t á orðunum. eins og löng slanga! Þá segjum við eitt hljóð í einu .

HOPPANDI KENGÚRA



Ég get hoppað yfir orð sem ég get ekki lesið. Svo klára ég að lesa setninguna og prófa að lesa orðið aftur. Alveg eins og kengúra sem hollar fram og tilbaka.